

Samstarfshópur um þjóðgarð á sunnanverðum Vestfjörðum

Fyrsti fundur samstarfshóps (fundað á Teams) – 8. október 2020. Fundur hófst kl. 14:30.

Fundinn sátu: Birgir Gunnarsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Freyja Pétursdóttir og Edda Kristín Eiríksdóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Rebekka Hilmarsdóttir f.h. Vesturbyggðar, Rúnar Leifsson f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis, Steinar Kaldal f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Þuríður Yngvadóttir f.h. Landgræðslusjóðs. Fjarverandi: Sigurður Örn Þorleifsson f.h. forsætisráðuneytis.

Þetta gerðist:

1. Kynning

Fundarmenn kynntu sig.

2. Vinna fram til þessa

Farið var yfir vinnu varðandi hugmyndir um stækkun friðlýstra svæða á Vestfjörðum sem átti sér stað áður en samstarfshópurinn var skipaður. Sagt var frá því að í kjölfar þess að RARIK færði ríkinu jörðina Dynjanda að gjöf árið 2019 hefðu fulltrúar sveitarfélaganna, Umhverfisstofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis fundað í byrjun árs 2020 og rætt mögulega stækkun náttúruvættisins Dynjanda sem og friðlandsins í Vatnsfirði í landi Brjánslækjar. Fljótlega hefðu komið fram hugmyndir um tengingu svæða og mögulegan þjóðgarð.

Síðsumars, í ljósi hugmynda um þjóðgarð, hefði svo verið tekin ákvörðun um skipa samstarfshóp með fleiri fulltrúum til að vinna að hugmyndinni um þjóðgarð samhliða því sem hugmyndin færi í formlegt málsmeðferðarferli náttúruverndarlaga.

3. Af hverju þjóðgarður

Farið var yfir hvað þjóðgarður þýðir skv. lögum um náttúruvernd, hvaða gilda væri horft til, bæði er varðar lífríki og jarðminjar, en einnig með tilliti til menningar og sögu. Í framhaldi var farið yfir þessi atriði með tilliti til Dynjanda, Vatnsfjarðar og nálægra svæða.

4. Tímalína vinnunnar

Farið var yfir tímalínu vinnunnar. Stefnt að því að auglýsa formlega áform um málið í október samhliða því að það verði kynnt rækilega og kynna hagsmunaaðilum, þ.m.t. ábúendum, eigendum einkalanda, o.fl..

5. Kynning út á við

Rætt var hvernig best væri að kynna vinnu hópsins fyrir íbúum sveitarfélaganna og almenningi almennt. Hugmynd um að setja á fót upplýsingavefsíðu þar sem hægt væri að fræðast um viðfangsefnið.

6. Umræður

Rætt var um mikilvægi þess að kynna málið mjög vel og kalla eftir athugasemdum um áform um þjóðgarð. Útskýra þyrfti vel hvað þjóðgarður þýddi þegar áform færu í kynningu. Einnig var lögð áhersla á að ræða mögulegan þjóðgarð með tilliti til ýmissa framkvæmda s.s. samgöngumála og flutningskerfi raforku, þar sem þetta væru áherslumál á Vestfjörðum.

Fleira gerðist ekki og fundi lauk kl. 15:30.